

**MYNDLISTASKÓLINN**

**Í REYKJAVÍK**

**Lokaskýrsla vegna styrkveitingu úr Sprotasjóði 2016-2017  
- Evrópsk menningarbörn -**



**Verkefnastjóri: Sigurlína Margrét Osuala**

## Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

**Nafn skóla:** Myndlistaskólinn í Reykjavík

**Nafn verkefnisins:** Evrópsk menningarbörn

**Nafn verkefnisstjóra:** Sigurlína Margrét Osuala

**Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk:** UMS -127, 2016

Verkefnið er hluti af stóru samnorrænu rannsóknarverkefni, Europæiske kulturbörn, sem stjórnað er af Kulturprinsen í Viborg í Danmörku. Myndlistaskólinn í Reykjavík hefur umsjón með þætti íslenskra þátttakenda í verkefninu.

### Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

Verkefnið miðar að því að skapa ný viðmið fyrir fullorðna einstaklinga sem vinna með ungum börnum að því að gera listsköpun og þátttöku í menningarlífi að eðlilegum þætti í daglegu lífi ungra barna. Fókusinn er á aldurshópinum 0-8 ára og börn sem einhverra hluta vegna eru í veikri stöðu eða eru með sérþarfir (fötluð börn, börn með sjúkdóma, börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður o.s.frv.). Verkefninu er fyrst og fremst ætlað að efla dagmæður, leik- og grunnskólakennara í starfi með því að gefa þeim betri tæki til að vinna sjálfstætt með listsköpun og menningu í daglegu starfi sínu með börnum.


**Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:** Unnin voru tvö verkefni annars vegar samstarfverkefni milli Myndlistaskólans í Reykjavík, Melaskóla og tveggja leikskóla, Hagaborgar og Sæborgar og hins vegar samstarfverkefni á milli Tóneyjar og leikskólans Reynisholts.

Myndlistaskólinn í Reykjavík, Melaskóli og leikskólarnir Hagaborg og Sæborg unnu verkefnið *Kærleiksvera* og tóku nemendur í 1. bekk þátt ásamt umsjónarkennurum og myndlistakennara skólans og elstu börn leikskólanna ásamt leikskólakennurum. *Kærleiksveran* var framkvæmd þrisvar sinnum. Fyrstu tvö skiptin var samstarf milli Myndlistaskólans, Melaskóla og leikskólanna tveggja, fyrst Hagaborgar og svo Sæborgar. Nemendurnir unnu í þremur hópum sem hittust fimm sinnum og unnu undir handleiðslu þriggja myndlistakvenna frá Myndlistaskólanum. Í þessum hluta verkefnisins var eitt aðalmarkmiðið að mynda tengsl eða skólabrú á milli grunnskólans og leikskólanna.



# MYNDLISTASKÓLINN

## Í REYKJAVÍK



Myndin sýnir hvernig samstarfi milli stofnanna var háttað.

Vegna fjölda nemenda í 1. bekk í Melaskóla gátu eingöngu tveir bekkir af fimm tekið þátt í samstarfi við leikskólana og var ákveðið að hinir þrír bekkirnir ynnu verkefnið eingöngu í samstarfi við Myndlistaskólann. Þá unnu nemendurnir í fjórum hópum sem hittust fjórum sinnum undir handleiðslu fjögurra myndlistakvenna frá Myndlistaskólanum.

Í verkefninu var áhersla lögð á upplifun og sköpun í gegnum öll skynfæri. Aðferðin starfendanám (e. action learning) var notuð til að greina og meta kennsluna og svara rannsóknarspurningum. Barnið var í aðalhlutverki og var skoðað hvaða áhrif námið hafði á það og hver virkni þess var í náminu. Samhliða þessum markmiðum var tekið mið af Barnasáttmálanum, s.s. í tengslum við lýðræði í skólastofunni. Á meðal þess sem nemendur sköpuðu má nefna svokallaðar kærleiksverur sem búa í fagurskreyttum húsakynnum sem einnig eru hljóðfæri. Í lok vinnunnar var foreldrum síðan boðið í heimsókn í Melaskóla til að sjá afrakstur sköpunarferlisins þar sem m.a. voru leikin tónverk á hljóðfærin.



Fimm ára börn tóku þátt í verkefni Tóneyjar og Reynisholts, þar sem áhersla var lögð á raunhæfa og faglega tónlistakennslu. Nemendum var kennt að lesa nótur, spila rétt á hljóðfæri og nota röddina. Nemendur spiluðu saman, sömdu eða spunnu tónlist/lag. Ýmsar aðferðir voru notaðar til að ná fram markmiðinu. Markmiðið með því að fá inn í leikskólann fagmenntaða tónlistakonu var að bæði börnin og kennarar leikskólans fengu faglega tónlistakennslu og lærðu aðferðir til að geta miðla tónlist á faglegri hátt. Sem dæmi þá er leikskólabörnum oft einungis kennt að syngja sterkt eða veikt. Sjaldan er kennari innan skólans sem getur spilað á hljóðfæri og leiðbeint börnunum með lagið og að syngja rétta nótu. Ennfremur þá syngja kennararnir oftast á dýpra tónsviði en



# MYNDLISTASKÓLINN

Í REYKJAVÍK

börnin og þar að leiðandi hefur barnið ekki tækifæri á að þróa eigin sönghæfni. Til að auka hæfni barnsins í nótalestri var unnið með tónlistarhugtök eins og t.d. styrkleika, hraða og nótur. Börnin tóku virkan þátt í að vinna með þessi abstrakt hugtök á hljóðfærin. Myndin hér að neðan sýnir börnin vinna með taktinn; 2 slög eða 4 slög, hraði; hratt og hægt og hljóðstyrkinn; sterkt og veikt.



Notaðir voru litir fyrir hverja nótu til að kenna þeim að lesa/heyra þær. Innihald verkefnisins miðaðist við hæfni og aldur barnanna og voru notaðar brúður fyrir hverja nótu sem var sungin eða spiluð (sjá mynd hér að neðan).



Áður en kennsla hófst voru haldnir fundir með kennurum og listakonunum þar sem ákveðið var hvað ætti að rannsaka og skoða í kennslunni.


Myndlistarmennirnir og kennararnir Elsa Dóróthea Gísladóttir, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir og Guðrún Vera Hjartardóttir höfðu umsjón með Kærleiksverunni. Annamaria Lopa hafði umsjón með samstarfsverkefni Tóneyjar og Reynisholts.

**Frávik miðað við áætlun verkefnisins:** Dagmæður tóku ekki þátt í verkefninu. Fókusinn var ekki sérstaklega á börn sem einhverra hluta vegna eru í veikri stöðu eða eru með sérþarfir (fötluð börn, börn með sjúkdóma, börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður o.s.frv.), heldur var fókusinn á öll börnin. Á meðal barnanna voru börn með sérþarfir og fengu þau stuðning á meðan á verkefninu stóð.

### Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins:

Það tók tíma að móta verkefnið og aðferðin starfendanám (e. action learning) vafðist aðeins fyrir þátttakendum eða svokallað AL model sem var lagt fyrir af Kulturprinsen (sjá mynd hér að neðan). Ákveðið var að einfalda nálgunina að aðferðinni og í verkefninu *Kærleiksveran* urðu samtöl á milli kennara og listakvinnanna eftir hvern tíma mikilvægur þáttur í verkefninu þar sem nálgun þátttakenda við kennsluna var endurskoðuð og endurmetin. Fundum fækkaði þó þegar samstarfið milli Myndlistaskólans og Melaskóla stóð yfir vegna tímaskorts hjá grunnskólakennurum. Í byrjun verkefnisins voru grunnskólakennarar ekki sérlega móttækilegir en viðhorf þeirra breyttist þegar leið á verkefnið. Helsta hindrunin var tímaleysi til að fara dýpra í viðfangsefnið.

### AL model



Í samstarfi Tóneyjar og Reynisholts var hver kennslutími skrásettur og tóku leikskólakennararnir tímann upp á videó og tónlistarkonan setti athugasemdir í logbók til að geta skoðað hvaða tækni hentaði best fyrir hvern hóp. Eftir að tónlistarkonan hafði horft á öll videóin fannst henni hún þurfa meiri tíma til að geta þróað dýpri, einbeittari tónlistarkennslustefnu. Eftir því sem hún var meira með börnunum og þau kynntust henni betur urðu þau öruggari, rólegri og sköpunarferlið varð auðveldara. Ferlið í starfeindanáminu; spyrja spurninga, skoða eigin vinnu og skrásetja gerði tónlistarkonunni og kennaranum kleift að sjá hvaða breytinga var þörf á og voru þær kynntar í næsta tíma.

### Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu:

Þátttakendur lærðu af reynslunni og í verkefninu *Kærleiksvera* var lagt af stað í byrjun með of marga þætti þannig að verkefnið gaf ekki svigrúm fyrir mikinn leik. Því var það einfaldað og myndaðist þá meira rými fyrir sjálfssprottinn leik og virkari þátttöku barnsins. Það skipti máli að innlögnin væri góð og væri einskonar rannsókn þar sem börnin komu með sínar eigin tengingar. Lagt var upp með opnar spurningar þar sem börnin komu með hugmyndir, leiddu þannig áfram vinnuna og eignuðust þar með hlutdeild í verkefninu. Fundir og samtöl milli þátttakenda voru mikilvægir og vöktu þá til umhugsunar um kennsluna. Í þeim hluta verkefnisins þar sem aðalmarkmiðið var að skapa brú á milli skóla var mikilvægt að barnið heimsótti alla þrjá þáttökuskólana. Einnig var mikilvægt að í lok vinnunnar komu allir saman í Melaskóla og var foreldrum boðið í heimsókn til að sjá afrakstur sköpunarferlisins þar sem m.a. voru leikin tónverk á hljóðfærin. Verkefnið gaf barninu rými til að gefa af sér og fá að upplifa styrk sinn í gegnum eigið framlag til sköpunar.



### Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Verkefnið *Kærleiksvera* var viðamikið verkefni og gekk vel fyrir sig. Það styrkti þverfagleg tengsl og myndaði góð tengsl á milli barna í 1. bekk í Melaskóla og elstu barna í leikskólunum. Verkefnið stuðlaði að því að mynda samtal og leik á milli barnanna og var kærleiksveran þar í aðalhlutverki.





# MYNDLISTASKÓLINN

Í REYKJAVÍK

Verkefnið hafði áhrif á skólastarfið í heild og var unnið áfram með verkefnið í grunnskólanum t.d. með því að börnin skrifaðu texta um kærleiksveruna. Aðferðir sem myndlistakonurnar notuðu við innlögð skiluðu sér áfram. Allir sýndu áhuga á að halda verkefninu áfram og mun Myndlistaskólinn halda áfram að styrkja samstarf sitt við grunnskóla og leikskóla Reykjavíkurborgar með því að bjóða upp á vikulegt leikskólasamstarf og listbúðir fyrir grunnskóla. Nú er nýafstaðið samstarfsverkefni á milli Myndlistaskólans, Laugarnesskóla og leikskólans Laugasólar þar sem skólabrú var mynduð og verkefnið *Kærleiksvera* unnin. Það er í höndum viðkomandi þátttökuskóla að hve miklu leyti haldið verður áfram með vinnuna. Myndlistaskólinn mun að minnsta kosti nota niðurstöður rannsóknarinnar í sínu starfi.

Markmið í samstarfsverkefni Tóneyjar og Reynisholts náðust, hæfni barnanna til að lesa/heyra nótur jókst og þau skemmtu sér vel við að spila á raunveruleg hljóðfæri.



# MYNDLISTASKÓLINN

Í

REYKJAVÍK

Gott samstarf milli tónlistarkonunnar og leikskólakennaranna var lykillinn að betri og hraðari árangri í tónlistakennslunni. Kennararnir voru tilbúnir að hlusta, læra, gagnrýna og ígrunda eftir hvern tíma. Þeir notuðu námsefnið á milli tónlistartímanna. Kennararnir fengu meiri þekkingu og hæfni í að skipuleggja og kenna tónlist og hvernig hægt er að vinna með hljóðfæri á mismunandi hátt. Áhugi er á áframhaldandi samstarfi ef fjármagn fæst til þess.

**Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:** Verkefnið er hluti af stóru samnorrænu rannsóknarverkefni, Europæiske kulturbörn, sem stjórnað er af Kulturprinsen í Viborg í Danmörku. Myndlistaskólinn hefur umsjón með þætti íslenskra þátttakenda í verkefninu. Kulturprinsen stendur fyrir ráðstefnum og heldur úti vef <http://www.kulturprinsen.dk/> um niðurstöður rannsókna þátttakenda. Niðurstöður verkefnisins hafa þegar verið kynntar á lokarárðstefnu verkefnisins sem fór fram í nóvember sl. Á áætlun er að gera vefsíðun aðgengilegri. Íslensku þátttökuskólarnir munu auk þess miðla niðurstöðum sínum og annarra til skóla og fagaðila á sviði uppeldis og kennslu á Íslandi.

**Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um**

**Rekstrarreikningur** (Vinsamlegast skilið rekstrarreikningi og undirskrift á sér blaði)

**Dagsetning:**

---

Undirskrift verkefnisstjóra

---

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla